

FUNDARGERÐ STJÓRNARFUNDAR 11. 01. 2012

Staður:	Grenimelur 44, Reykjavík	
Tími:	11. 01. 2012, kl. 20.00 til 22.35	
Viðstaddir:	Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar R. Sigurðsson Formaður FLÁF: Kjartan Kárason	
Á fundinn vantaði:	Fulltrúa Keldudals:	Guðrúnu S.Ólafsdóttur
	Fulltrúa Gilbrautar:	Svein Baldursson
Gestur á fundinum:	Magnús Jóhannesson, Króki 2	

VERKEFNI FUNDARINS VAR:

Verkefnalisti Fellsmerkur 2010
Sjá fylgiskjal.

Nýr formaður, Kjartan Kárason leiddi fundin.
Guðrún S. Ólafsdóttir var settur gjaldkeri.
Sigurlaug Guðmundsdóttir var settur ritari.

Magnús sagði frá fundi sínum og Kjartans með þeim Helga og Þresti frá SR.
Magnús sagði líka frá fundi sínum með Sigríði Ellerup hjá Þjóðskrá Ísl. Þar sem hann fékk frestun á fyrirhugaða framkvæmd stofnunarinnar um að skrá allar fasteignir á Fellsmörk á landeiganda, sem er ríkið.
Magnús átti í bréfaskiptum við Óskar P. Óskarsson, lögmann hjá landbúnaðar-ráðuneytinu. Bréfin eru í fylgiskjali.

Hjalti sagði frá fundasetu sinni með SR.

Talað var um að halda áfram að þrýsta á okkar hagsmunamál með því að vera í sambandi við Landbúnaðarráðuneytið og Skógræktarfélag Reykjavíkur.
Magnús mun kanna stöðuna hjá Þjóðskrá Ísl.

VEGAFRAMKVÆMDIR.

Hjalti lýsti framkvæmdum vegagerða á austursvæðinu og talaði um að fara austur um komandi helgi til að leggja drög að vegabótum á vestursvæðinu ásamt Helga frá SR. Hann lætur vita hvernig það þróast.

Valdimar mun panta 10.000 plöntur fyrir sumarið.
Hjalti hverfur úr plöntunefnd.

Næsti fundur var ákveðin 8. febrúar.

Fndi var slitið kl. 22.35.